

## Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2024-2025

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara. Í raun hafa ákvarðanir verðlagsnefndar um heildsöluverð áhrif á allar vörur sem aðildarfélag SAM framleiða.

Verðlagsnefnd búvara er skipuð samkvæmt 7. grein Búvörulaga nr. 99/1993. Verðlagsnefnd búvara var síðast skipuð til tveggja ára frá nóvember 2024 til 2026.

Frá 2024 til 2026 er verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Tryggvi Þór Herbertsson, skipaður formaður án tilnefningar, Sigurbjörg Ottesen og Rafn Bergsson, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands (BÍ), Elín Margrét Stefánsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson, tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), Steinunn Bragadóttir tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Hrannar Már Gunnarsson tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB).

Einnig var Hálfðán Óskarsson tilnefndur af matvælaráðherra sem áheyrnarfulltrúi minni vinnslufyrirtækja mjólkur og hefur hann tillögurétt.

Fyrri verðlagsnefnd fundaði sex sinnum árið 2024.

Á fundi 22. mars 2024 var fjallað um drög að nýjum verðlagsgrundvelli kúabús ásamt því að kynntur var framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir mars 2024 sem sýndi 0,12% lækkun gjaldaliða frá síðustu verðlagningu og kynnt var reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögunum sem sýndi hækkunarþörf upp á 1,32%. Samþykkt var að halda verði óbreyttu. Á fundinum var einnig lagt fram erindi frá SAM um skilgreiningu á efnainnihaldi lágmarksverðs til framleiðenda skv. 8. gr. Búvörulaga nr. 99/1993. Nefndin staðfesti viðmiðunarefnainnihald 4,23% fita og 3,39% prótein.

Á fundi verðlagsnefndar 26. september var fjallað um framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús og reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögunum; ekki var tekin ákvörðun um verðbreytingar. Einnig var fjallað um drög að breytingartillögum á endurskoðuðum verðlagsgrundvelli og samþykkt að fara áfram yfir tillögurnar á næsta fundi.

Á næsta fundi nefndarinnar 10. október 2024 voru lagðir fram útreikningar á verðlagsgrundvelli kúabús og reiknilíkani gjaldaliða hjá mjólkursamlögunum. Að loknum kynningum var ákveðið að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda um 2,73% frá og með 1. október 2024 en halda heildsöluverð mjólkurvara óbreyttu þar til 1. desember 2024 en hækkun þá yrði 2,95%. Á fundinum var einnig fjallað um yfirstandandi endurskoðun á verðlagsgrundvelli kúabús. Loks var bókað að umræður hefðu verið um að beina því til næstu verðlagsnefndar að endurskoða verklagsreglur í kjölfar upptöku nýs verðlagsgrundvallar.

Á fundi verðlagsnefndar 29. október 2024 var fjallað um nýjan verðlagsgrundvöll kúabús og hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Á fundinum var einnig tekin ákvörðun um verðhækkun á mjólk í lausu máli.

Ný Verðlagsnefnd kom saman á sinn fyrsta fund 14. nóvember 2024. Á fundinum voru verkefni og umgjörð Verðlagsnefndar kynnt og m.a. sammælt um að á skipunartímanum (tvö ár) yrði farið yfir iðnaðarlíkanið og tekin afstaða hvort tilefni sé til endurskoðunar á því.

Á síðasta fundi ársins 2024 þann 11. desember fjallaði Verðlagsnefnd um verklagsreglur og sammælt um að nefndin setji sér einfaldar starfsreglur um praktísk atriði í störfum sínum. Einnig var farið yfir kynningu á almennri starfsemi afurðastöðva í mjólkuriðnaði og þá vinnu sem stóð yfir um „ýmis tæknileg atriði“ vegna uppsetningar og formlegrar útfærslu á nýjum verðlagsgrundvelli kúabús. Að síðustu var fjallað um aðferðir við framreikning á nýjum og eldri verðlagsgrundvelli og niðurstöður framreiknings. Ekki var tekin ákvörðun um verðbreytingu.

Þá var lagt fram erindi frá fulltrúum Bændasamtaka Íslands þar sem fram kom að heildartekjur mjólkurframleiðenda væru áætlaðar um 198,40 kr/ltr í október 2024 en áætlaður framleiðslukostnaður væri 306 kr/ltr samkvæmt nýjum verðlagsgrundvelli í september 2024. Óskað var eftir umræðu í nefndinni um leiðir til að brúa bil milli gjalda og tekna. Eftir umræður var ákveðið að fresta verðákvörðun til næsta fundar.

Einnig var bókað að nefndarmenn væru sammála um að ekki væri ráðlegt að brúa bilið eingöngu með verðhækkun heldur að aðkomu stjórnvalda þyrfti til.